

SÆMUNDUR

35. ÁRGANGUR 1.TÖLUBLAÐ 2017

Takk fyrir stuðninginn!



Verkfræðingafélag Íslands



Alþýðusamband Íslands



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN



Bandalag
háskólamanna

Samband íslenskra námsmanna erlendis
Pósthússtræti 3-5
101 Reykjavík
www.sine.is

Ritstjóri: Hjördís Jónsdóttir

Umbrot og hönnun: Á grafísk hönnun - www.agrafik.is

Frá ritstjóra



Kæru félagsmenn SÍNE,

Í þessu tölublaði af blaðinu Sæmundi höfum við safnað saman fjölbreyttu efni, frásögnum af því hvað hluti af okkar fólki sem leggur land undir fót er að upplifa víða um heim. Íslenskir námsmenn erlendis eru að gera frábæra hluti við marga af virtustu háskólum heims.

Þrátt fyrir að mikið framboð sé á framhaldsnámi á Íslandi eru íslenskir námsmenn að sækja sér menntun erlendis sem aldrei fyrr. Sem betur fer er aukið framboð af skiptinámi, styrkjum og námsmenn eru duglegir að kynna sér það sem í boði er.

Sæmundur inniheldur að þessu sinni reynslusögur frá skiptinemum, sjálfboðaliðum og námsmanni á íþróttarstyrk. Fjölbreyttur og skemmtilegur hópur dugnaðarforka sem fundu sér leið til að láta drauma sína rætast. Í stjórn SÍNE situr hópur af fólki sem hafa sjálf verið námsmenn erlendis og vilja láta gott af sér leiða og standa vörð um hagsmuni þeirra sem eftir koma. Það er mjög mikilvægt að námsmenn erlendis hafi góðan hóp hér heima sem talar þeirra máli. Við viljum því hvetja ykkur kæru félagsmenn til að horfa til SÍNE þegar þið komið heim og taka þátt í starfinu með einhverjum hætti.

Fylgist endilega með okkur á samfélagsmiðlum og verið í bandi við okkur.

<http://sine.is/>

<https://www.facebook.com/namsmennerlendis/>

<https://twitter.com/SineIsland>

Kær kveðja, Hjördís Jónsdóttir

Efnisyfirlit

Frá ritstjóra **3**

Gylfi Már Sigurðsson **8**
SKIPTINÁM Í BANDARÍKJUNUM

Sjálfboðastarf erlendis **10**
ÞÝSKALAND

Flutningar á milli Norður-
landa þegar upp koma
alvarleg veikindi eða slys **14**

Margrét Rós
Hálfdanardóttir
Íþróttastyrkur í Bandaríkjunum

16

Magnea Gná Jóhannsdóttir
Menntaskóli í Noregi

20

Námsmenn erlendis í
útrýmingarhættu?

23



ERTU GÓÐUR PENNI?

**Við erum byrjuð að safna skemmtilegu
efni fyrir næsta Sæmund**

**Sendu okkur línu á netfangið: sine@sine.is og segðu
okkur frá þínu námi, upplifunum og ferðalögum -
við hlökkum til að heyra frá þér**

VILTU STARFA Í STJÓRN SÍNE NÆSTA VETUR?

AÐALFUNDUR VERÐUR HALDINN Í ÁGÚST
2017 (NÁNARI DAGSETNING AUGLÝST SÍÐAR
Á HEIMASÍÐUNNI OG FACEBOOK)



EF ÞÚ HEFUR ÁHUGA ENDILEGA SENDU OKKUR
LÍNU Á NETFANGIÐ: SINE@SINE.IS



GYLFI MÁR SIGURÐSSON

SKIPTINÁM Í BANDARÍKJUNUM

Maður lifir á þessari reynslu alltaf og ég hugsa oft um hvað þetta var skemmtilegur tími. Ég mun muna eftir öllum ferðalögum, NBA-leikjunum og tónleikum sem við fórum á en ég man ekkert hvað stóð í kennslubókunum.

Hvar stundaðir þú námið?

Ég stundaði námi við University of Oklahoma (OU) í bænum Norman í Oklahoma-fylki í Bandaríkjunum og dvaldi þar frá ágúst 2011 til maí 2012.

Segðu okkur frá náminu þínu?

Ég stundaði nám í sagnfræði og tók m.a. grunnáfanga í bandarískri sögu. Námið var mjög fjölbreytt og ég valdi í raun bara áfanga sem mér þóttu spennandi og fannst mér námið ek-

kert sérstaklega krefjandi, sem gaf mér meiri tími til að njóta mín í Bandaríkjunum.

Afhverju ákvaðstu að fara í nám erlendis?

Mig hafði alltaf langað að prófa að búa erlendis og er þetta frábær leið að upplifa það. Þegar ég komst að því að ég borga bara gjaldið sem HÍ setur upp en ekki skólagjald við erlendan háskóla þá fannst mér einfaldlega heimskulegt að nýta sér þetta ekki. Ég kynntist bandarískum krökkum þarna úti og þau voru að eyða



Ég valdi að fara í gegnum leið sem kallast MAUI (Mid-America Universities International) sem telur á annan tug skóla í miðríkjum Bandaríkjanna.

fleiri milljónum í námið sitt og á meðan ég borgað 45 þúsund krónur fyrir skólaárið.

Hvernig valdir þú námslandið?

Sara, kærasta mín, er hálf bandarísk og höfum við eytt miklum tíma í Bandaríkjunum hjá fjölskyldu hennar þar. Hún er með bandarískt ríkisfang og gat því flutt með mér út án allra vandræða (VISA og þess háttar). Ég valdi að fara í gegnum leið sem kallast MAUI (Mid-America Universities International) sem telur á annan tug skóla í miðríkjum Bandaríkjanna. Mér fannst líklegra að komast inn ef ég veldi skóla sem ég teldi að færri myndu sækja um og varð OU þannig fyrir valinu. OU á sér ríka íþróttahéð í Bandaríkjunum og er lið þeirra, OU Sooners, eitt sigursælasta lið í amerískum háskólaþótta.

Áttu góð ráð handa þeim sem hafa áhuga á að stunda nám sitt erlendis?

Njóta lífsins og ekki taka námið of alvarlega. Maður lifir á þessari reynslu alltaf og ég hugsa oft um hvað þetta var skemmtilegur tími. Ég mun muna eftir öllum ferðalögum, NBA-leikjunum og tónleikunum sem við fórum á en ég man ekkert hvað stóð í kennslubókunum.

Við Sara ákváðum að njóta lífsins í botn og keyptum okkur notaðan bíl, bjuggum ekki inni á háskólasvæðinu sjálfu heldur rétt fyrir utan þar sem bandarískir nemar bjuggu. Við tókum ekki þátt í neinu sem var ætlað skiptinimum heldur kynntumst við bandarískum krökkum (og norskum í bland) og brölluðum ýmislegt með þeim. Við Sara fórum í ferðlag (roadtrip) til vesturs og fórum í gegnum Nýju Mexíkó, Arizona þar sem við kíktum á Miklagljúfur, Las Vegas og helstu borgir Kaliforníufylkis. Þegar dvölinni lauk keyrðum við svo til austurs til Washington D.C. þar sem pabbi hennar býr og flugum við heim þaðan. Eftir tæplega 10 mánaða dvöl tókst okkur að mæta degi of seint á flugvöllinn en blessunarlega fengum



við að fara með vélinni heim þar sem við vorum tilbúinn til að komast aftur til Íslands.

Hvað reyndist erfiðast?

Þegar ég hugsa til baka þá var þetta bara eintóm hamingja og ég man ekki eftir neinu sem tók á. Það hjálpar auðvitað að vera ekki einn og gátum við Sara leyst úr öllu sem kom upp á sameiningu. Í apríl og maí er svokallað hvirfilbyljatímabil í miðríkjum og kom einn stór hvirfilbylur nálægt okkur og olli nokkurri eyðileggingu. Það var búið að brýna fyrir okkur að fara í skjól um leið og neyðarbjöllur heyrðust en við, eins og sannir forvitnir Íslendingar, fórum út á svalir til að reyna sjá eitthvað. Nokkrum árum síðar gekk mannskæður hvirfilbylur yfir nágrenni okkar þarna úti og í fréttunum sáum við t.d. bíóið sem við fórum oft í jafnað við jörðu.

Eitthvað sem kom á óvart?

Kannski helst hvað mér fannst námið auðvelt. Ég var vissulega í tímum með nýnemum í háskóla en þeir eru 18 ára í Bandaríkjunum og ég að verða 25 ára. Varðandi staðinn sjálfan þá er Oklahoma mjög trúað fylki og kallað sylgjan í bíblubelti Bandaríkjanna. Ég hef

aldrei umgengist svo trúrækið fólk áður og þau sem ég kynntist fóru í kirkju a.m.k. einu sinni í viku og hittust reglulega til að ræða Biblíuna. Þetta þótti mér mjög merkilegt.

Annað sem þú vilt að komi fram?

Ég hvet fólk til að nýta tækifærið og víkka sjónvildarhring og prófa að búa erlendis. Við munum lifa á sögunum frá Oklahoma alla ævi og eigum potþétt eftir að fara þangað í heimsókn í framtíðinni.





SJÁLFBODASTARF ERLENDIS

Þýskaland

Hafþór Freyr Líndal skrifar

Eins og svo mörgum öðrum samnemum mínum langaði mig að loknu stúdentprófi að byrja nýtt og spennandi líf erlendis. Það var einhvern veginn á allra vörum; sumum langaði að ferðast, öðrum langaði að flytja og sumir vildu eitthvað allt annað. Það sem við áttum flest sameiginlegt er að við töluðum endalaust um það en fæstir stigu út fyrir þægindarammann og ganga svo langt að leggja nógu mikla vinnu á sig til að láta drauminn erlendis verða að raunveruleika.

Ég vildi sjálfur ekki vera hluti af þessum meirihluta. Ég hafði sjálfur farið ári fyrr í framhaldsskóla og fannst mér ég hafa unnið mér inn eitt ár í frí. Þar af leiðandi byrjaði leitin að rétta tækifærinu um leið og ég byrjaði í framhaldsskóla. Þegar um hálf tveggja ár var til stefnu var tími til kominn að láta vaða þurfti og taka ákvörðun um hvað

ég vildi gera. Ég var sjálfur fallinn fyrir EVS prógraminu. Ég dæmi ekki þá sem vildu eyða himinháum upphæðum í ýmisskonar rándýra afþreyingu út í heimi en mér fannst EVS hitta algjörlega í mark; allur nauðsynlegur kostaður s.s. ferðalög, uppihald, vasapeninga, tungumálaskóli, námskeið er dekkjaður, prógramið er öruggt og það leit út fyrir að bjóða upp á fjölmörg tækifæri og kosti sem aðrir möguleikar, sem ég hafði líka hugleitt, buðu ekki upp á.

Ég hafði sjálfur heillast mikið að Þýskalandi frá því að ég kynnist Þjóðverja á leikskólaaldri og eftir að ég byrjaði sjálfur í þýsku í framhaldsskóla var ekki aftur snúið. Umsóknarferlið gekk þó ekki þrautalaust fyrir sig, eins og fátt sem ég kem nálægt, þó ég hafi byrjað tímanlega. Ég var búinn að finna mér nokkur draumaverkefni og

kominn vel á veg í umsóknarferlinu en án þess að vita af var ég ekki lengur með neitt í höndum örfáum dögum fyrir umsóknarrest. Ég var hins vegar staðráðinn í að ná markmiði mínu og með aðstoð og snöggum viðbrögðum Alþjóðlegra ungmennaskipta fann ég eitt laust verkefni á lokaspjettinum sem ég gat hugsað mér að sækja um.

Þetta var svona allt eða ekkert tilboð sem ég vildi alls ekki sleppa, þó þetta væri fyrir mér talsverð óvissa. Innan við mánuði fyrir brottför bárust mér þær fréttir að umsóknin mín væri samþykkt. Þegar maður þarf að pakka saman eigin líf á Íslandi og pakka öllu saman í litla tösku sem maður gæti þurft á að halda fyrir eitt ár voru nokkrar vikur í undirbúning verulega stuttur tími og þar af leiðandi mikið stress. Það var ekki fyrr en ég stóð á lestarstöðinni í Nidda og beið eftir að



Ég gat alls ekki munað hvað það hétu á þýsku en eins og maður getur sagt „mjá mjá“ um kisu, „voff voff“ um hund var ég viss um að ég gæti líka sagt „mumu“ um kú. Um leið og ég sleppti þessu út úr mér sneri vinnufélagi minn sér hneykslaður við og sagði að þetta væri eitthvað sem ég mætti alls ekki segja

vera sóttur þar sem mér gafst tími til að hugleiða og átta mig á að ég vissi í raun ekkert hvað ég væri búinn að koma mér úti og hvers mætti vænta á komandi mánuðum.

EVS verkefnið sem ég hafði fundið mér var í litlum smábæ nærri Frankfurt. Þetta var barnaheimili þar sem 40 börn áttu fasta búsetu. Hópurinn var mjög breiður; þriðjungur áttu við fötlun að stríða, annar þriðjungur við mikla einhverfu og síðan voru börn á vegum barnaverndar sem höfðu verið tekin af heimilum sínum. Voru þau á

aldrinum 3ja til 22ja ára.

Barnaheimilið hefur tekið á móti allt að tveimur sjálfbodaliðum á ári í rúmlega 35 ár og því hefur verið vel búið um þá sem þar koma. Mín helstu verkefni snéru að daglegri vinnu með íbúum en mitt stærsta verkefni var að skipuleggja ýmisskonar þjálfanir, æfingar og sérverkefni í samráði við fagaðila. Dæmi um verkefni voru þjálfanir til athafna í daglegu lífi s.s. lestarferðaræfingar (kaldhæðnislegt að fá einhvern frá landi þar sem engar lestar eru að vinna fyrir

verkefnið), stoðæfingar til að bæta hæfni sem miðar að veikleikum einstaklinganna og þátttaka í verkefnum og ferðum á vegum þroskaþjálfna s.s. skoðunarferðir.

Fyrir mér var það þannig séð ekki mikill menningarmunur að flytja til Þýskalands. Ég fann sjálfur mikið fyrir svokölluðum „jákvæðum rasisma“, m.ö.o. vegna þjóðernis míns var ég betur meðhöndlaður en aðrir útlendingar og tók maður þannig upp á að byrja á að tilkynna þjóðernið þegar manni vantaði eitthvað.

Þrátt fyrir að þýsk tunga sé falleg og skemmtileg gekk ekki allt smurt fyrir sig. Við komu til Þýskalands var, eins og Þjóðverjum sæmir, ekki boðið upp á neinar upplýsingar á ensku af fyrri bragði. Ég lifði fyrsta daginn af með takmarkaða þýskukunnáttu og var því staðráðinn í að afneita ensku til að tjá mig í Þýskalandi, og geri ég enn. Þar sem þýska og íslenska eru að miklu leyti svipuð gengur oft vel að beinþýða beint á milli tungumálanna. Oftast gekk það vel en stundum var ég of djarfur í tilraunum mínum til að gera mig skiljanlegan. Eftirminnilegt er að segja frá helsta stórslysinu þegar eitt barnið var að púsla, kom með púsl með kú og spurði hvað dýrið hét. Ég gat alls ekki munað hvað það hét í þýsku en eins og maður getur sagt „mjá mjá“ um kisu, „voff voff“ um hund var ég viss um að ég gæti líka sagt „mumu“ um kú. Um leið og ég sleppti þessu út úr mér sneri vinnufélagi minn sér hneykslaður við og sagði að þetta væri eitthvað sem ég mætti alls ekki segja. Eftir nokkrar tilraunir til að útskýra diplómatiskt hvað ég hefði sagt að lét hann vaða í blákalda skilgreiningu að þetta þýddi „móðurmunnur“. Síðan þá hefur þetta verið sífellt aðhlátursefni þar sem ég hef notað þetta til að rökstyðja að þýskt mál getur stundum verið ansi strembið.

Helsti menningar og málfarsmunurinn sem ég fann við að flytja til Þýskalands er þérunin. Í Þýskalandi eru til þumalputtareglur um hvenær maður þú-ar og hvenær maður þéar. Ólíkt okkur Íslendingum sem þú-um alla, sama hvort um er að ræða forsetann eða foreldra okkar, er stór munur á milli persónufornafnanna í Þýskalandi. Ég er jafnvel ennþá enn í vanda með að velja á milli þar sem þetta getur oft verið vafa atriði um hversu formlegur maður vill vera og hvort hinn aðilinn vilji slík formlegheit. En til að forða mér frá fleiri vandræðalegum uppákomum þar sem ég þú-a lögreglu eða aðra opinbera aðila ómeðvitað, þéa ég frekar en þú-a. Á hinn bóginn hef ég líka verið skam- maður fyrir að gera of mikið úr aldri viðmælanda með því að þéa í sam- ræðum í óformlegri lagi. Þetta er bara eitt af þeim dæmum í þýsku máli hversu vel maður þarf að greina aðstæður í þáula áður en maður talar.

Áður en ég flutti til Þýskalands lifði ég í þeirri trú að hér væri regla og stund- vísi höfð í hávegum. Strax við komu til Þýskalands fannst mörgum áhugavert



að vita hvað Íslendingar segja um Þjóðverja og lét ég þessa hugmynd mína vaða og uppskar aðhlátur frá öllum sem heyrðu. Ég var ekki lengi að komast að því að í Þýskalandi er stundvísi alls ekki sjálfssögð, en hinsvegar er skrifinnaska það. Ég komst fljótt að því að lestir eru t.d. langt frá því að vera stundvísar – sem útskýrir af hverju þýskukennarinn minni í menntaskóla lagði svo ríkulega áherslu á að skilja orðið „seinkun“ í sambandi við kaflann um ferðalög. Svo getur skrifræði í Þýskalandi verið langt umfram það sem þekktist á Íslandi; einfaldir hlutir geta verið flæktir á ótrúlegan hátt og ekki aðstoðar það að Þjóðverjar eru ekki jafn rafvæddir og við heima.

Þessu til viðbótar hef ég svo fjölmargar sögur og minningar sem gáfu lífinu mínu lit. Ákvörðunin að gefa frá mér fjölmörg tækifæri heima á Íslandi var ekki einföld ákvörðun en ævintýraþráin varð yfirsterkari. Ég er ótrúlega þakklátur fyrir að hafa fengið þetta tækifæri og að fara erlendis sem EVS sjálboðaliði, þrátt fyrir allar efasemdirnar sem maður leyfði sér í óvissunni. Þetta er ómetanleg upplifun og skilar þekkingu sem maður getur hvergi annarstaðar aflað sér. Ég mæli sjálfur eindregið með verkefninu og bendi eindregið á Alþjóðleg ungmen- naskipti sem eru tilbúin til að svara öllum spurningum sem og aðstoða áhugasama við að fá möguleika á sambærilegu tækifæri.

Hvar er ég sjálfur eftir EVS? Ég get enn sem komið er ekki hugsað mér að yfirgefa Þýskaland og bý núna í Frankfurt. EVS var fyrir mig stökkpallurinn sem gerði mér kleift að komast í háskólanámið sem mig langaði í hér úti og margt fleira spenandi mun taka við. Ég er sjálfur enn í virku sambandi við vinnufélaga frá barnaheimilinu sem og EVS vettvanginn minn svo EVS ævintýrinu er þannig séð ekki lokið þrátt fyrir að nýjir hlutir hafa tekið við.

Ég komst fljótt að því að lestir eru t.d. langt frá því að vera stundvísar – sem útskýrir af hverju þýskukennarinn minni í menntaskóla lagði svo ríkulega áherslu á að skilja orðið „seinkun“ í sambandi við kaflann um ferðalög



Vilt þú flytja búslóðina þína með þér til nýrra heimkynna? Heima og að heiman með réttu hlutina í kringum þig

Menntun þjóðarinnar og nýsköpun hefur ávallt verið Eimskip hugleikin allt frá stofnun félagsins 1914. Eimskip hefur í gegnum tíðina stutt við námsmenn með ýmsum hætti, þar helst að nefna Háskólasjóð Eimskips. Félagið styður einnig við námsmenn sem sækja menntun sína erlendis með því að veita afslátt af flutningsgjöldum á búslóðum til og frá Íslandi, í gegnum félagsaðild að SÍNE.

Sá hópur námsmanna sem sækir nám erlendis fer stækkandi. Eimskip vill styðja við námsmenn og fjölskyldur þeirra með góðri flutningsþjónustu á hagstæðu verði.

Þarfnar eru ólíkar. Sumir vilja flytja alla sína búslóð með sér á milli landa þegar farið er til náms á meðan öðrum hugnast einungis að taka fáa hluti með sér til að gera nýjar aðstæður persónulegri og og notalegri. Hver og einn þarf að meta fyrir sig hvað hentar að flytja með hverju sinni. Gott ráð er að líta til þess hve lengi er fyrirhugað að búa erlendis, hversu löng flutningsleiðin er og hver sé kostnaður við flutninginn.

Það er að mörgu að hyggja þegar flytja á búslóð og mikilvægt að kynna sér alla þætti búslóðaflutninga mjög vel áður en ákvörðun er tekin um að pakka til flutnings. Góður undirbúningur skilar sér margfalt í tíma og kostnaði. Starfsfólk Eimskips er afar þjónustulundað, veitir skýra og góða ráðgjöf og svarar fyrirspurnum hratt og örugglega. Smáar og stórar búslóðir fá greiða leið, alla leið. Búslóðir innihalda persónulega og dýrmæta hluti og aldrei er of varlega farið með slíka hluti í flutningum.

Þegar skipulagning flutnings hefst og komið er að því að pakka búslóð, er mikilvægt að gera ítarlegan lista yfir allt sem á að flytja. Ef búslóð inniheldur verðmæta muni t.d. listaverk og skartgrip er mikilvægt að merkja þá sérstaklega vel. Nákvæm skráning á hlutum í búslóð nýtist þegar kemur að því að tryggja búslóðina. Eimskip getur haft milligöngu um tryggingu eða eigandi tryggir búslóðina sjáfur í gegnum sitt tryggingafélag.

Það er mikilvægt að raða öllum munum vel í kassa og pakka stærri munum vel til að verja alla hluti sem best fyrir hnjaski. Ef flytja á heilan gám af búslóð þarf að gæta þess vel að skorða alla hluti og festa þá vel til að koma í veg fyrir að þeir hreyfist á meðan á flutningi stendur. Skipin okkar sigla yfir Norður-Atlantshafið og þar er allra veðra von, allan ársins hring, ekki síst yfir vetrartímann.

Með því að fá góða ráðgjöf og undirbúa flutninga vel, ekki síst með því að kynna sér alla lykilkætti búferlaflutninga á milli landa, verður allur flutningaferlinn og vinnan við að flytja einfaldari. Starfsfólk Eimskips leggur sig fram við að einfalda flutning á milli landa sem mest með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi.

Nákvæmar upplýsingar um búslóðaþjónustu Eimskips er að finna á www.eimskip.is



Valdís Ösp Árnadóttir skrifar

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heimi. Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð eiga aðild að samstarfinu, auk sjálfstjórnarsvæðanna Álandseyja, Færeyja og Grænlands. Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og hefur mikið vægi í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í sameiningu er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlanda í sterkri Evrópu. Norræna samstarfið miðar að því að efla hag og gildismat Norðurlanda í hnattrænum heimi. Sameiginleg gildi styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra landsvæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin rekur góða vefsíðu sem gagnast vel þeim sem hyggja á flutninga á milli Norðurlandanna á öllum tungumálum þjóðanna. Aðgengileg og upplýsandi vefsíða: www.hallonorden.is

Réttur námsmanna - þegar upp koma alvarleg veikindi eða slys.

Mikilvægt er að hafa í huga að reglur og lög geta verið mismunandi eftir löndum og því vert að kynna sér málin vel áður en tekin er ákvörðun um flutning. Þegar námsmaður ákveður að flytja til Norðurlandanna þarf hann að huga að því að nauðsynlegt er að flytja lögheimilið sitt til þess lands þar sem stundað er nám. Ef námsmaður ákveður hins vegar að flytja til annarra landa Evrópu þarf hann ekki að flytja lögheimilið sitt til þess lands á meðan á námi stendur. Það að flytja lögheimilið sitt frá Íslandi getur haft ýmiskonar áhrif, til að mynda á

Flutningar á milli Norðurlanda - þegar upp koma alvarleg veikindi eða slys

rétt einstaklinga í almannatryggingakerfinu á Íslandi.

Ef svo illa vill til að námsmaður veikist eða slasast í námslandinu og þarf að þeim sökum á endurhæfingu að halda til að geta haldið áfram námi getur hann sótt um að fara í endurhæfingu á Íslandi en viðkomandi á að öllum líkindum engan rétt á endurhæfingarlífeyri þar sem hann var ekki með skráð lögheimili á Íslandi og verður því að bíða í 3 ár eftir því að eiga rétt á endurhæfingarlífeyri.

Raunverulegt dæmi:

Drífa er 25 ára gömul kona, sem fékk synjun um endurhæfingarlífeyri hjá TR á grundvelli þess að hafa ekki verið búsett á Íslandi síðustu 3 ár fyrir umsókn. Drífa er fædd og uppalin á Íslandi en fór í nám erlendis þegar hún var rúmlega tvítug. Sökum þess að hún fór í nám til eins af Norðurlöndunum þurfti hún að flytja lögheimili sitt til námslandsins. Eftir að Drífa hóf nám hrakaði heilsu hennar mjög hratt og hún varð að minnka námið og loks hætta því. Hún komst ekki í endurhæfingu í námslandinu og flutti til Íslands, en þá hafði hún verið með lögheimili erlendis í 1 og ½ ár. Hún hefur engar aðrar tekjur en fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins og er gert að bíða eftir endurhæfingu þar til 3 ár eru liðin frá því hún flutti lögheimilið aftur til Íslands. Hún á ekki rétt á endurhæfingarlífeyri frá námslandinu.

Ef einstaklingur sem búsettur hefur verið erlendis fær úrskurðað öorkumat á Íslandi þá er það langt frá því að vera öruggt að viðkomandi fái


greiðslur á móti búsetutímanum sínum á Íslandi metið í landinu sem búið var í. Ekkert samráð er á milli landa um öorkumat, hvorki innan Norðurlanda né Evrópu. Sérhvert land, þar sem einstaklingur hefur starfað, metur umsókn hans í samræmi við eigin reglur. Reglurnar eru það ólíkar eftir löndum að einstaklingur getur fengið öorkulífeyri í einu landi en verið synjað um hann í öðru landi.

Raunverulegt dæmi:

Fanney er 38 ára gömul kona, sem stundaði nám og bjó í 10 ár á einu Norðurlandanna eftir 18 ára aldur. Hún fékk öorkumat rúmu ári eftir að hún flutti aftur til Íslands. Fanney er með 56% búsetuhlutfall og mun það vera óbreytt á meðan hún fær lífeyrisgreiðslur frá TR. Fanney fær engar greiðslur frá fyrra búsetulandi, en í því landi geta einstaklingar yngri en 40 ára ekki fengið öorkumat. Þessum einstaklingum er ætlað að taka þátt í vinnumarkaðsúrræði (flex job) fyrir fólk með skerta starfsgetu. Fanney býr á Íslandi og getur af þeirri ástæðu einni ekki nýtt sér „flex job“. Fanney hefur eingöngu búsetuskertan öorkulífeyri frá TR til framfærslu eða um 165 þúsund kr. á mánuði.

Valdís Ösp Árnadóttir

Verkefnisstjóri Halló Norðurlönd
Upplýsingaþjónusta Norrænu ráðherranefndarinnar
Raunverulegu dæmin eru unnin af vinnuhóp um endurskoðun búsetuskerðingar.



Ertu að huga að námi erlendis?

FaraBara.is er fyrsti viðkomustaður þeirra sem hafa hug á að stunda nám erlendis. Á vefnum er gríðarlegt magn upplýsinga um þau fjölmörgu námstækifæri sem í boði eru um allan heim, þar á meðal:

- Háskólanám erlendis
- Viðurkenningu náms
- Hvernig sótt er um
- Umsóknarfresti
- Styrki
- Inntökupróf
- Tungumálapróf
- Skólagjöld
- Réttindi námsmanna
- Nám á ensku



FARA BARA

Margrét Rós

Hálfdanardóttir



“Ég tók málin bara í
mínar eigin hendur, fór að senda tölvupósta og video-brot af leikjum frá
mér og tölfræði, og hélt því áfram stanslaust þangað til að ég náði að
kveikja áhuga hjá einhverjum.



Íþróttastyrkur í Bandaríkjunum

Hvar stundaðir þú námið?

Er í Canisius College í borginni Buffalo sem er í New York fylki í Bandaríkjunum

Segðu okkur frá náminu þínu?

Námið mitt heitir Animal Behavior, Ecology, and Conservation. Í stuttu máli þá læri ég um grundvallar hegðunarmynstur fjölbreyttra dýra og hvað veldur því (hvort sem það er umhverfið, árstíðir, hormón, rándýr,

aðrir meðlimir tegundarinnar, mannfólk og.sv.fr.). Einnig læri ég um náttúruvernd þeirra tegunda sem eru í útrýmingarhættu. Þetta nám fellur mjög vel með líffræði „major“ sem ég er að taka einnig, munurinn er að með líffræðinni þá tek ég líffræði kúrsa fyrir lengra komna ásamt efnafræði og eðlisfræði (sem ég hefði ekki þurft að taka ef ég væri bara í Animal Behavior). Ástæðan fyrir því að ég er „double major“ er svo að ég hafi alla þá kúrsa

sem ég þarf fyrir dýralæknaskóla í framtíðinni.

Afhverju ákvaðstu að fara í nám erlendis?

Það eru þrjár ástæður fyrir því. 1. Ég vil vinna með dýrum í framtíðinni og það er ekkert nám í boði fyrir mig á Íslandi sem er dýratengt. 2. Ég hef spilað körfubolta frá því ég var sex ára, og vildi reyna að nýta körfuboltann til að fá skólstyrk. (Þá er best að



horfa til Bandaríkjanna) 3. Ég elska að ferðast og fann þörf á því að breyta um umhverfi.

Hvernig er hægt að fá íþróttastyrk?

Yfirleitt þá hafa skólar samband við mann en þar sem ég spilaði á Íslandi voru tækifærin á að verða uppgötvuð af háskóla "scout" mjög takmörkuð. Jafnvel þótt ég hafi verið að spila með yngri landsliðum á Norðurlandamótum, þá voru fáir sem engir Bandaríkjaþjálfarar að fylgjast með því. Þannig að það var engin eftirspurn af mér úti í Bandaríkjunum. Ég tók málin bara í mínar eigin hendur, fór að senda tölvupósta og video-brot af leikjum frá mér og tölfraði, og hélt því áfram stanslaust þangað til að ég náði að kveikja áhuga hjá einhverjum. Ég byrjaði svo að tala á Skype við þjálfarana í Canisius Háskólanum og þeir tóku smá áhættu með mig þar sem ég fór aldrei í heimsókn til þeirra eins og vaninn er með mögulega leikmenn. Þeir sem sagt gáfu mér skólalstyrk sem ég held þeir sjái ekki eftir í dag, þar sem ég er byrjunarliðsleikmaður hjá þeim og ein af stigahæstu leikmönnum.

Hvernig fer saman að æfa íþróttir á styrk og stunda háskólanám?

Þetta er náttúrulega ekki fyrir alla. Að spila íþróttir í efstu deild í Bandaríkjunum eru algjör forréttindi, sem þau láta mann auðvitað vinna fyrir. Æfingar eru 6 sinnum í viku í 2-3 klukkustundir í senn (og oft auka klukkutími fyrir styrktaræfingu nokkrum sinnum í viku). Oft ertu bróðurpart af deginum að gera hluti sem tengjast íþróttinni og þá er lítill tími laus í eitthvað annað

en lærdóm fyrir næsta dag. En jafnvel þótt það geti verið erfitt að þússla saman deginum fyrir allt það sem ætlast er af þér þá er þetta, að mínu mati, algjörlega þess virði. Ef þú ert skipulögð manneskja að eðlisfari þá hjálpar það náttúrulega fullt. Ég er auk þess sterkur námsmaður sem gerði allt ferlið mun auðveldara. Ég var til dæmis mjög stressuð yfir að þurfa að læra allt á ensku, sem reyndist svo vera óþarfa stress. Ef þú vilt þetta nógu mikið, þá finnurðu leið til að gera þetta.

Áttu góð ráð handa þeim sem hafa áhuga á að stunda nám sitt erlendis?

Byrja ferlið snemma. Mitt ferli tók tvö ár, en það var náttúrulega að mestu leiti út af körfuboltanum. Það eru próf sem maður þarf að taka (SAT og TOEFL) sem er gott að klára vel fyrirfram þar sem skólar vilja sjá þær einkunnir. Þú gætir viljað taka prófin aftur (ég tók SAT tvisvar) til að ná betri einkunn. Þessvegna er gott að taka

það eins fljótt og þú mögulega treystir þér. Það er líka mikil pappírsvinna sem fylgir þessu ferli (sérstaklega ef þú velur Bandaríkin) svo til að koma í veg fyrir allt stress þá er best að vera með allt á hreinu sem fyrst.

Hvað reyndist erfiðast?

Að geta ekki farið heim um jólin vegna körfuboltatímabilsins. Sem betur fer þá er tæknin í dag alveg að bjarga manni. Ég var við kvöldmatarborðið og tók þátt í jólasöng og horfði á pakkanna opnaða í gegnum símann.

Eitthvað sem kom á óvart?

Að bíómyndirnar eru ekkert að ljúga með þessa háskólastemningu. Það er allavega sannleikskorn í því hvernig þær sýna háskólakrakka og háskólamenninguna.

bíómyndirnar eru ekkert að ljúga með þessa háskólastemningu.



UMSÓKNARFRESTUR

LÍN

Skólaárið 2017 - 2018

HAUST 2017: TIL OG MEÐ 30.NÓVEMBER 2017

Vor 2018: TIL OG MEÐ 30.APRÍL 2018

SUMAR 2018: TIL OG MEÐ 30.JÚNÍ 2018

Nánari Upplýsingar :
www.lin.is

Magnea Gná Jóhannsdóttir



Menntaskóli í Noregi

Ég er nemandi í United World College Red Cross Nordic sem staðsettur er í Flekke, um það bil 4 tíma frá Bergen.

Í skólanum eru 200 nemendur frá um það bil 95 löndum, við erum 5 saman í herbergi og 40 saman í húsi. Ég er til dæmis í herbergi með stelpum frá Bangladesh, Lettlandi, Bólivíu og Austuríki - það er passað upp á að öll herbergin sé menningarlega fjölbreytt. Kennararnir koma líka allsstaðar að úr heiminum, allt frá Ghana til Argentínu.

Námsumhverfið er því mjög fjölbreytt og það er ómetanleg reynsla að vera til dæmis í TOK (Theory of knowledge) tíma með fólki sem hefur algjörlega andstæðar skoðanir á við mig og kemur frá allt annari menningu. Námið fer fram á ensku, og er notast við IB diploma námskerfið, þannig að skólinn reynir á mann námslega jafnt og félagslega. Námið er 2 ár.

Skólinn leggur mikla áherslu á umhverfið, leiðtogaþæfni, sjálfbærni, virðingu og frið. Mæli með að þú kíkir á UWC values,

það er það sem UWC hreyfingin stendur fyrir (UWC er sem sagt alþjóðleg hreyfing, og það eru 16 UWC skólar um allan heim. Þessi er sá eini á Norðurlöndunum, aðrir eru t.d. í Hong Kong og Costa Rica). <https://www.uwc.org/about/mis-sions-values>

Skólinn sem ég er í er sérstakur að því leiti (í samanburði við aðra UWC) að hann er tengdur Rauða krossinum og það er mikil áhersla lögð á flóttamanna mál. Oft eru kynningar frá norska Rauða krossinum og öðrum aðilum tengdum manúðarstarfi.



Þrjár mættarstólpar skólans eru: Umhverfið, mannúðarstarf og norrænt samstarf.

Heimasíða skólans:
<http://uwrcrn.no>

Umsóknarferlið á Íslandi:
Sótt er um í gegnum menntamálaráðuneytið.

Almenn umsókn er fyrsta skrefið, skila inn ritgerð og meðmælum og svo er viðtal.

Ekki er einungis litið á umsækjandann námslega heldur líka í hvaða félags- og æskulýðsstörfum hann hefur verið í ásamt persónuleika viðkomandi.

Umsóknarskilyrði eru m.a. að vera búin með 1-2 ár í menntaskóla. Ég var 2 ár í Menntaskólanum á Ísafirði áður en ég fór út.

Hér er dæmi um gamla auglýsingu, það þarf að fylgast með auglýsingum menntamálaráðuneytisins og Facebook síðu valnefndarinnar, ef áhugi er á að sækja um.

<https://www.menntamalaraduneyti.is/sjodir-og-eydublod/framhaldsskolar/nr/281>

<https://www.facebook.com/Uwcls-land/>



Námsumhverfið er því mjög fjölbreytt og það er ómetanleg reynsla að vera til dæmis í TOK (Theory of knowledge) tíma með fólki sem hefur algjörlega andstæðar skoðanir á við mig og kemur frá allt annari menningu.





EJE

HALLIR UM BORÐ!

Það er að mörgu að hyggja þegar flytja á búslóð á milli landa. Eimskip leggur áherslu á góða alhliða þjónustu við flutninga á stórum sem smáum búslóðum. Starfsmenn okkar hafa mikla reynslu af því að aðstoða námsmenn sem eru ýmist á leið út í nám eða heim úr námi.

Kynntu þér málið á eimskip.is eða hafðu samband við búslóðadeild Eimskips í síma 525-7570 eða með tölvupósti á buslodir@eimskip.is

EIMSKIP

Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | eimskip.is

Námsmenn erlendis í útrýmingarhættu?



Nú fer senn að líða að lokum skólaársins 2016-2017 með tilheyrandi niðurskurði á framfærslulánum námsmanna erlendis. Þau orð sem hér falla endurspeglast enn og aftur af neikvæðni í garð stjórnvalda og stefnu þeirra gagnvart námi erlendis og þeim sem það stunda. Það verður æ erfiðara að stunda nám erlendis og áfram er niðurskurðarhnífnum beitt fyrir skólaárið 2017-2018. Niðurskurður síðustu ára hefur numið 40% af framfærslulánum ásamt skerðingum í tengslum við frítekjumark og ferðalán. Það er erfitt að sjá annan eins niðurskurð hjá öðrum löndum líkt og sá sem hefur átt sér stað hjá LÍN. Hefur framfærsla námsmanna erlendis virkilega verið svo mikil áratugum saman að það réttlæti aðra eins skerðingu? Því er auðsvarað. Það er ekki að

finna nein málefnaleg eða réttlætanagerðir fyrir þessari skerðingu. Þrátt fyrir það virðast fáir taka undir eða berjast með námsmönnum erlendis nema þá einna helst rétt fyrir kosningar.

Staðan er raunar sú að námsmönnum erlendis á framfæri LÍN fækkar jafnt og þétt með tilheyrandi niðurskurði stjórnvalda. Á sama tíma hafa fleiri og fleiri íslenskir námsmenn erlendis valið að sækja um námslán hjá SU í Danmörku eða CSN í Svíþjóð enda um margfalt betri kjör að ræða. Þannig mætti nefna að í kringum 2000 íslenskir námsmenn eru á framfæri SU í Danmörku. Við í SÍNE óttumst að það sé einungis tímaspursmál þangað til stjórnvöld þar ytra loki fyrir þennan möguleika. Íslensk stjórnvöld virðast hins vegar ekki hafa neitt plan til að bregðast við þeirri stöðu þegar íslenskir námsmenn erlendis gætu lent á milli tveggja lánasjóða.

Nám erlendis er eitthvað sem allir ættu að geta stutt og mælt með. Það hefur skilað þjóðarbúinu miklum auðæfum, þekkingu og hæfni. Þjóðfélagið væri ekki á sama stað án námsmanna erlendis. Þrátt fyrir allt er þetta enn gífurlega mikilvægt íslensku samfélagi. Því hvet ég alla íslenska námsmenn erlendis til að láta ekki deigan síga þrátt fyrir áframhaldandi niðurskurð og sækja áfram nám sitt erlendis. Það skilar ykkur ekki bara nýrri þekkingu eða sýn á lífið heldur gefur það samfélaginu það sömuleiðis.

Það getur einungis verið tímaspursmál þangað til stjórnvöld snúa frá þessari hörmungarstefnu sinni og styðji námsmenn erlendis. Þangað til höldum við í SÍNE áfram að vera gagnrýnin á stjórnvöld og styðjum nám og námsmenn erlendis í hvívetna.

Með baráttukveðju

Jóhann Gunnar Þórarinnsson

Stjórnarformaður SÍNE

